

**Fæðingar- og foreldraorlof
Mat á kostnaði við aukinn rétt foreldra**

Febrúar 2000

**Alþýðusamband Íslands
Samtök atvinnulífsins**

Samantekt

Á haustmánuðum 1998 ákváðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands að meta í sameiningu kostnað við núverandi skipan fæðingarorlofs og kostnað af breytingum á henni. Samtökin leituðu til fjármálaráðuneytisins og féllst fjármálaráðherra á að standa straum af kostnaði við gerð gagnagrunns, sem hagdeildir samtakanna hafa lagt til grundvallar því kostnaðarmati sem hér er lagt fram. Samtökin leituðu einnig upplýsinga hjá bönkum, sjúkra-sjóðum, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem greiða styrki eða laun í fæðingarorlofi.

Réttindi launafólks í fæðingarorlofi eru mjög misjöfn. Allar konur eiga rétt á orlofi í sex mánuði og karlar í tvær vikur. Greiðslur í orlofi eru hins vegar ólíkar og orlofið sjálft misjafnlega sveigjanlegt. Foreldrar sem starfa samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum njóta launagreiðslna í fæðingarorlofi og geta dreift orlofinu yfir lengra tímabil, eða allt að einu ári. Árið 1997 nýttu 67% kvenna í fæðingarorlofi hjá ríkinu sér þennan kost. Foreldrar á almennum vinnumarkaði fá greiðslur frá Tryggingastofnun og njóta ekki sambærilegs réttar hvað varðar sveigjanleika. Greiðslurnar taka mið af vinnustundafjölda liðins árs og gátu árið 1997 mest orðið 65.915 kr. á mánuði. Greiðslur Tryggingastofnunar eru ekki laun og leggjast launatengd gjöld ekki á þær. Viðtakandi ávinur sér því ekki rétt til greiðslna í sumarorlofi og öðlast ekki rétt í lífeyrissjóði.

Alla má að árleg heildarútgjöld vegna fæðingarorlofs séu um 2.000 m. kr. Er þá miðað við núgildandi reglur og kjarasamninga, en verðlag ársins 1997. Útgjöld Tryggingastofnunar vegna fæðinga voru 1.313 m.kr. eða sem samsvarar 0,51% af stofni tryggingagjalds. Alla má að ríki og ríkisstofnanir hafi greitt starfsmönnum sínum um 307 m.kr., sveitarfélög um 257 m.kr. og fjármálafyrirtæki um 56 m.kr. Nokkrir sjúkrasjóðir stéttarfélag greiða félagsmönnum sínum fæðingarstyrki sem nema um 73 m.kr. á ári.

Í kostnaðarmati samtakanna er gert ráð fyrir að greiðslur vegna fæðingar- og foreldraorlofs komi frá „fæðingarorlofssjóði“ sem sé fjármagnaður með tryggingagjaldi. Miðað er við að réttur til greiðslna úr sjóðnum verði jafn fyrir alla foreldra á vinnumarkaði og verði hann ákveðið hlutfall af tekjum ársins á undan.

Í skýrslunni er fjallað um kostnað miðað við að fæðingarorlofsgreiðslur séu mishátt hlutfall af tekjum og mismunandi lágmarks- og hámarksgreiðslur. Einnig er fjallað um áhrif mismunandi skiptingar orlofstímans á milli móður og föður. Ef fæðingarorlof verður áfram 28 vikur, en mánaðarlegar greiðslur í orlofinu 100% af mánaðartekjum síðasta árs, þurfa innborganir í fæðingarorlofssjóð að vera um 2,3 milljarðar kr. eða sem nemur 0,89% af stofni tryggingagjalds. Er þá gert ráð fyrir að móðirin nýti 26 vikur og faðirinn 2 vikur. Útgjöld Tryggingastofnunar til málaflokksins eru nú 0,51% af stofni tryggingagjalds. Því þyrfti tryggingagjaldið að hækka um 0,38%-stig, eða sem nemur tæpum milljarði króna. Hér er miðað við að allar mæður fullnýti rétt sinn og 85% feðra, að fæðingarorlofsgreiðslur verði aldrei lægri en 43.449 kr. á mánuði og að hæstu greiðslur verði aldrei hærra en 217.000 kr. á mánuði.¹ Miðað við þessar forsendur kostar einn mánuður í fæðingarorlofi rúmlega 300 m.kr. hjá konum, en tæplega 600 m.kr. hjá körlum.

Ef launatenging í fæðingarorlofi væri 80% þyrfti tryggingagjald að hækka um 0,25%, miðað við sömu forsendur um lengd og skiptingu orlofsins milli foreldra.

Ef tryggja á foreldrum 26 vikna foreldraorlof til viðbótar fæðingarorlofi (13 vikur fyrir móður og 13 vikur fyrir föður) og mánaðarlegar greiðslur sem nema 85% af tekjum síðasta árs, þurfa innborganir í fæðingarorlofssjóðinn að nema 0,82% af tryggingagjaldstofni til að fjármagna útborganir úr sjóðnum. Hér er miðað við að 85% feðra nýti rétt sinn til 13 vikna foreldraorlofs og 100% mæðra og að mánaðarlegar greiðslur úr sjóðnum geti að hámarki orðið 217.000 kr.

Ef launatenging yrði 80% í foreldraorlofi þyrfti tryggingagjaldið að hækka um 0,78%.

¹ Í febrúar árið 2000 samsvarar 43.449 kr. lágmarkið 54.000 kr. og 217.000 kr. hámarkið 270.000 kr.

Skýrslu þessari er ætlað að vera innlegg í umræður um rétt foreldra á vinnumarkaði. Hún gerir kleift að meta kostnað við mismunandi tillögur um aukinn rétt foreldra. Slíkar upplýsingar eru forsenda þess að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld geti tekið ákvörðun um ráðstöfun þess svigrúms sem er til skiptanna hverju sinni.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1.	Frumvarp um fæðingarorlof 1990.....	1
1.2.	Stefnumótun Alþýðusambands Íslands	1
1.3.	Afstaða Samtaka atvinnulífsins.....	2
1.4.	Afstaða ríkisstjórnar	2
1.5.	Tilskipun um foreldraorlof	3
2.	Gagnagrunnur vegna kostnaðarmats	4
2.1.	Myndun gagnagrunnsins	4
2.2.	Lýsing á gögnunum	4
3.	Kostnaður við núverandi kerfi	6
3.1.	Greiðslur Tryggingastofnunar í fæðingarorlofi	6
3.1.1.	Greiðslur Tryggingastofnunar til kvenna á vinnumarkaði.....	7
3.1.2.	Greiðslur Tryggingastofnunar til kvenna í námi.....	9
3.1.3.	Greiðslur Tryggingastofnunar til kvenna sem hvorki eru á vinnumarkaði né í námi	10
3.2.	Greiðslur atvinnurekenda í fæðingarorlofi.....	10
3.2.1.	Greiðslur ríkisins í fæðingarorlofi.....	10
3.2.2.	Greiðslur sveitarfélaga í fæðingarorlofi.....	12
3.2.3.	Greiðslur fjármálafyrirtækja í fæðingarorlofi.....	12
3.2.4.	Greiðslur annarra atvinnurekenda í fæðingarorlofi.....	13
3.3.	Greiðslur annarra í fæðingarorlofi.....	13
3.4.	Lengd fæðingarorlofs	15
4.	Kostnaður við aukinn rétt.....	16
4.1.	Kostnaður við tekjutengt orlof foreldra	16
4.2.	Heildarkostnaður við tekjutengt fæðingarorlof, m.v. núverandi skiptingu orlofsins á milli foreldra	17
4.3.	Aukinn sveigjanleiki í fæðingarorlofi.....	19
4.3.1.	Fæðingarorlofi dreift yfir lengri tíma	19
4.3.2.	Foreldrar geti skipt fæðingarorlofinu á milli sín	19
5.	Heildarkostnaður við greiðslur í foreldraorlofi.....	21

Yfirlit taflna

Tafla 1: Tekjur foreldra barna fæddra árið 1997, skipt eftir uppruna.	5
Tafla 2: Fjárhæðir fæðingarorlofs frá Tryggingastofnun árið 1997	6
Tafla 3: Fjöldi kvenna sem fengu greiðslur frá Tryggingastofnun í fæðingarorlofi.....	6
Tafla 4: Tekjudreifing kvenna sem fæddu börn árið 1997 og fengu bæði fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun. Hlutfall kvenna í tekjubili.	8
Tafla 5: Konur á vinnumarkaði sem hækkuðu í tekjum við að fá fæðingarorlofsgreiðslur frá Tryggingastofnun	8
Tafla 6: Tekjur kvenna sem fengu fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun, flokkaðar eftir launagreiðanda/uppruna	9
Tafla 7: Tekjudreifing kvenna sem fæddu börn árið 1997 og voru skráðar í námi hjá Tryggingastofnun. Hlutfall kvenna í tekjubili.	9
Tafla 8: Tekjudreifing kvenna sem fæddu börn árið 1997 og fengu einungis fæðingarstyrk frá Tryggingastofnun. Hlutfall kvenna í tekjubili.	10
Tafla 9: Tekjudreifing kvenna sem fengu greidd laun frá ríkisbókhalði í fæðingarorlofi.....	11
Tafla 10: Sjúkrasjóðir aðildarfélaganna ASÍ sem greiða laun eða styrk í fæðingarorlofi árið 1999	14
Tafla 11: Kostnaður við eina viku í tekjutengdu fæðingar- eða foreldraorlofi. Orlofsréttur fullnýttur	16
Tafla 12: Kostnaður við einn mánuð í tekjutengdu fæðingar- eða foreldraorlofi. Orlofsréttur fullnýttur	17
Tafla 13: Uppruni réttinda foreldra í orlofi.....	17
Tafla 14: Kostnaður við tekjutengt greiðslukerfi vegna fæðingarorlofs m.v. að greiðslurnar séu mismunandi hátt hlutfall af meðalmánaðartekjum síðasta árs.	18
Tafla 15: Kostnaður við tekjutengt greiðslukerfi vegna fæðingarorlofs m.v. að greiðslurnar séu 100% af mánaðartekjum síðasta árs.	19
Tafla 16: Kostnaður við 29 vikna fæðingarorlof m.v. mismunandi skiptingu orlofsins á milli móður og föður. Engar lágmarksgreiðslur.....	20
Tafla 17: Kostnaður við 29 vikna fæðingarorlof m.v. mismunandi skiptingu orlofsins á milli móður og föður. Allir foreldrar eiga a.m.k. rétt á fæðingarstyrk og hálfum dagpeningum (47.449 kr. á mánuði).....	20
Tafla 18: Kostnaður við 29 vikna fæðingarorlof m.v. mismunandi skiptingu orlofs á milli móður og föður. Allir foreldrar eiga rétt á fæðingarstyrk (28.984 kr.).....	20
Tafla 19: Kostnaður við 13 vikna foreldraorlof fyrir hvort foreldri. <u>Orlof lengist ekki þótt foreldrar veikist í orlofi.</u>	21
Tafla 20: Kostnaður við 13 vikna foreldraorlof fyrir hvort foreldri. <u>Orlof lengist ef foreldrar veikjast í orlofi.</u>	21

Yfirlit mynda

Mynd 1 Lengd greidds fæðingarorlofs hjá konum sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.....	15
Mynd 2 Lengd greidds fæðingarorlofs hjá konum sem fá greiðslur frá launaskrifstofu ríkisins.....	15

1. Inngangur

Á haustmánuðum 1998 ákváðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands að meta í sameiningu kostnað við núverandi skipan fæðingarorlofs og kostnað af breytingum á henni. Samtökin leituðu til fjármálaráðuneytisins og féllst ráðherra á að standa straum af kostnaði við gerð gagnagrunns, sem hagdeildir samtakanna hafa lagt til grundvallar því kostnaðarmati sem hér er lagt fram. Samtökin leituðu einnig upplýsinga hjá bönkum, sjúkra-sjóðum, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem greiða styrki eða laun í fæðingarorlofi.

1.1. Frumvarp um fæðingarorlof 1990

Haustið 1989 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd sem falið var að gera tillögur um hvernig unnt væri að tryggja það að konur hvar sem þær eru í starfi nytu jafnréttis varðandi fæðingarorlof. Í nefndinni sátu meðal annarra menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin samdi lagafrumvarp um fæðingarstyrk og fæðingarorlof. Samkvæmt því skyldu foreldrar eiga rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, sem þeir gætu skipt á milli sín. Greiðslur í orlofinu skyldi reikna út frá meðaltali heildarmánaðarlauna foreldranna hér á landi síðasta ár fyrir barnsfæðingu. Greiðslurnar yrðu full laun allt að 40 þúsund krónum á mánuði, en 80% af launum umfram þær. Greiðslan skyldi þó ekki vera lægri en 22.418 krónur á mánuði og aldrei hærra en 125.000 krónur á mánuði.² Gert var ráð fyrir að greitt yrði í lífeyrissjóð af orlofsgreiðslunum eins og af launum á almennum markaði (foreldrar 4%, fæðingarorlofsdeild 6%). Oheimilt yrði að taka við launum frá vinnuveitanda á orlofstíma.

Heilbrigðisráðherra sendi frumvarpið samtökum opinberra starfsmanna til kynningar í maí 1990. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands mótmæltu réttindaskerðingu sem samtökin töldu að frumvarpið fæli í sér og undruðust að menn utan samtaka opinberra starfsmanna skyldu fengnir til að gera tillögur um skerðingu á kjörum þeirra. Var lögð áhersla á að frumvarpið yrði ekki lagt fram á þingi óbreytt. Frumvarpið var aldrei lagt fram.

Haustið 1995 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd 13 manna til þess að endurskoða frumvarpið. Í nefndinni áttu meðal annarra sæti fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi, Vinnuveitendasambandi og samtökum opinberra starfsmanna. Nefndin lauk ekki störfum.

1.2. Stefnumótun Alþýðusambands Íslands

Á þingi Alþýðusambands Íslands í maí 1996 og við undirbúning þess urðu miklar umræður um þörf á úrbótum í fæðingarorlofsmálum og um stöðu foreldra á vinnumarkaði almennt. Í ályktun þingsins var þessi skoðun áréttuð og Alþýðusambandinu sett það verkefni að vinna að umbótum á þessu sviði. Þessi umræða endurspegladi annars vegar mat á vanköntum núverandi fyrirkomulags fæðingarorlofs og hins vegar þá umræðu sem varð í kjölfar Evrópusamninga aðila vinnumarkaðarins um foreldraorlof sem ASÍ og VSÍ áttu aðild að og síðan var gerður bindandi fyrir aðildarríki EES.

Árið 1998 samþykkti miðstjórn ASÍ stefnu varðandi réttindakerfi foreldra á vinnumarkaði, sem kynnt var á opinni ráðstefnu sambandsins 12. maí sama ár. Markmiðið er að hér á landi verði byggt upp frá grunni heildstætt réttindakerfi fyrir foreldra á vinnumarkaði. Þetta verði gert með því að endurskoða núverandi fyrirkomulag fæðingarorlofs og byggja síðan ofan á það rétt til töku foreldraorlofs í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um það efni.

² Tölurnar eru miðaðar við launavísitölu=114,7 í febrúar 1990. Hún var 184,0 í desember 1999, og miðað við hana væru lægri mörk liðlega 35.000 og hámark rúm 200.000.

Krafa ASÍ um heildarendurskoðun byggði á þrem forsendum:

- Fæðingarorlof hér á landi væri of stutt og mætti ekki þörfum foreldra og barna.
- Greiðslur í fæðingarorlofi væru óviðunandi og tækju í engu mið af tekjum foreldra.
- Sveigjanleika skorti varðandi möguleika til töku fæðingarorlofs, einkum á almennum vinnumarkaði.

Þá var það gagnrýnt að í reynd væru tvö réttindakerfi fyrir foreldra á íslenskum vinnumarkaði. Þannig njóti opinberir starfsmenn sem heyra undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna mun betri réttar en launafólk á almennum vinnumarkaði og aðrir félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ.

Tillögur ASÍ voru í meginatriðum eftirfarandi:

- *Lengd fæðingar- og foreldraorlofs*
Fæðingarorlof verði 28 vikur. Sjálfstaður réttur móður verði minnst 8 vikur. Sjálfstaður réttur föður tvær vikur og skiptanlegur réttur 18 vikur.
Foreldraorlof verði 26 vikur. Réttur móður verði 13 vikur vegna hvers barns. Réttur föður verði 13 vikur vegna hvers barns. Rétt til foreldraorlofs megi ekki flytja á milli foreldra. Töku foreldraorlofs skal lokið áður en barn nær átta ára aldri.
- *Sveigjanleg orlofstaka*
Sérstök áhersla er lögð á að fæðingar- og foreldraorlof sé sveigjanlegt. Lagt er til að foreldrar geti tekið orlof saman eða hvort í sínu lagi, með því að leggja niður störf eða með orlofi á móti hlutastarfi, samfelld eða í hlutum.
- *Greiðslur í fæðingar- og foreldraorlofi*
Lagt er til að greiðslur í fæðingar- og foreldraorlofi fari eftir heildarlaunum fyrir orlof. Greiðslur í fæðingarorlofi skulu vera fullar viðmiðunartekjur. Greiðslur í foreldraorlofi skulu vera að lágmarki 85% af viðmiðunartekjum.
- *Gildistaka*
Lagt er til að tillögur um greiðslur í fæðingarorlofi og rétt til foreldraorlofs taki fyrst gildi og að síðan komi greiðslur í foreldraorlofi inn í áföngum á þrem árum.

1.3. Afstaða Samtaka atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa lýst sig reiðubúin til þess að skoða hugmyndina um stofnun fæðingarorlofssjóðs, fjármagnaðan af tryggingagjaldi, undir stjórn aðila vinnumarkaðar. Þau hafa verið fylgjandi því að greiðslur í fæðingarorlofi verði hlutfall af tekjum, til dæmis á tilteknu 12 mánaða tímabili fyrir fæðingu, en með tilteknu þaki. Samtökin telja eðlilegt að fæðingarorlof og foreldraorlof verði sett undir sömu löggjöf.

Á aðalfundi VSÍ í maí 1999 fjallaði formaður sambandsins sérstaklega um réttarstöðu foreldra á vinnumarkaði. Við það tækifæri sagði hann meðal annars: „Staða launafólks á vinnumarkaði hefur fengið aukna athygli og einnig sú staðreynd að mikill munur er á gildandi löggjöf um rétt starfsmanna til fæðingarorlofs eftir því hvort þeir starfa á einkamarkaði eða hjá hinu opinbera. Vaxandi krafa er um nýjar lausnir og hafa sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga tekið upp greiðslur í fæðingarorlofi sem hluta af sínum viðfangsefnum. Þetta er eðlilegt og getur gefið færi á lausn þar sem fleiri leggja til. VSÍ mun því leita eftir nýjum lausnum á fyrirkomulagi fæðingarorlofs og munu samtökin í tengslum við næstu kjarasamninga reiðubúin til að standa að breytingum sem miðast við að greiðslur nái tilteknu hlutfalli reglubundinna launa, enda náist samkomulag um fjármögnun og fyrirkomulag fyrir allan vinnumarkaðinn.“

1.4. Afstaða ríkisstjórnar

Í tilefni af tillögum ASÍ ritaði fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, grein í Morgunblaðið sem birtist 23. maí 1998. Þar sagði fjármálaráðherra m.a. „Bregðast þarf við nýrri tækni, framfarum atvinnulífsins og breyttum vinnuaðstæðum. Mörg börn eru afskipt og kalla á fleiri samverustundir með foreldrum. Jöfn staða kynjanna hvað varðar atvinnu og heimili á enn langt í land. Allt þetta kallar á heildstæða endurskoðun á réttindakerfi foreldra á

vinnumarkaði, auk þess sem nauðsynlegt er að einfalda kerfið og samræma reglur...Íslenskur vinnumarkaður þarf að geta þróast og staðist kröfur framtíðarinnar. Til þess að svo megi verða þarf að skapa fjölskyldunni betri skilyrði. Þegar upp er staðið fer góður árangur í starfi saman við gott fjölskyldulíf.“

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er vikið að málefnum fjölskyldunnar. Þar segir m.a. um helstu markmið ríkisstjórnarinnar: „Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. ... Jöfn tækifæri karla og kvenna verði tryggð í hvívetna svo sem með því að lengja fæðingarorlof og jafna rétt mæðra og feðra til töku þess.“

1.5. Tilskipun um foreldraorlof

3. júní 1996 var samþykkt af hálfu Evrópusambandsins tilskipun 96/34/EB um ramma-samninginn um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnurekenda (UNICE og CEEP) og launafólks (ETUC) stóðu að. Eins og heiti tilskipunarinnar ber með sér er tilgangurinn með samþykkt hennar og gildistöku að hrinda í framkvæmd efni samnings Evrópusamtaka launafólks og atvinnurekenda um foreldraorlof sem undirritaður var 14. desember 1995. Tilskipunin hefur verið tekin upp í EES samninginn og átti að lögtaka hér á landi í síðasta lagi fyrir lok september 1999.

Meginefni tilskipunarinnar um foreldraorlof er að „veita körlum og konum rétt til foreldraorlofs við fæðingu eða ætleiðingu barns til að gera þeim kleift að annast barnið, í að minnsta kosti þrjá mánuði, fram að tilteknum aldri að átta árum...að meginreglu til án framsalsheimildar.“ Einnig er kveðið á um að „gera (skuli) nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar fjölskylduástaðir er að ræða, svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi.“

Viðræður fóru fram á milli ASÍ og VSÍ frá haustinu árið 1998 til vors 1999 með það að markmiði að tilskipunin yrði tekin í gildi á almennum vinnumarkaði hér á landi með kjarasamningum. Viðræðum lauk án þess að niðurstaða fengist og var félagsmálaráðuneytinu kynnt sú niðurstaða í júní 1999. Í byrjun árs 2000 hefur foreldraorlofstilskipunin þó ekki verið lögtekin og ekki liggur fyrir hvenær það verður gert eða hvernig.

2. Gagnagrunnur vegna kostnaðarmats

2.1. Myndun gagnagrunnsins

Á haustmánuðum 1998 ákváðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands að meta í sameiningu kostnað við núverandi fyrirkomulag fæðingarorlofs og kostnaðaráhrif ýmissa mögulegra breytinga.

Á fundi með fjármálaráðherra 5. nóvember 1998 fóru ASÍ og VSÍ fram á að ráðuneytið hefði forgöngu um að myndað yrði gagnasafn, sem yrði grunnurinn að vönduðu kostnaðarlíkani. Hagdeildir samtakanna lögðu fram tillögur að gerð gagnasafnsins³ og féllst ráðherra á að verkið yrði unnið á kostnað ráðuneytisins.

Ráðuneytið leitaði til tölvunefndar sem samþykkti framkvæmd verkefnisins á fundi sínum 27. febrúar 1999. Til að tryggja að persónuverndar væri gætt skipaði tölvunefnd Guðmund Sigurðsson lækni tilsjónarmann með verkinu.

Með bréfi dagsettu 15. febrúar 1999 fól fjármálaráðuneytið Þjóðhagsstofnun að taka saman upplýsingar í gagnasafnið. Gagnasafnið er samsett úr fimm gagnagrunnum; Fæðingaskrá Hagstofu Íslands, Tryggva - tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins, launasafni Ríkisbókhalds, Launamiðaskrá Ríkisskattstjóra og Skattgrunnskrá. Að tilmælum tilsjónarmanns var ákveðið að dulkóða allar kennitölur áður en Þjóðhagsstofnun fengi einstaka gagnaskrár í hendur. Tengiliðir og umsjónarmenn einstakra verkhluta voru þau Hrönn Ottósdóttir frá Tryggingastofnun, Óttar Arnaldsson frá Ríkisbókhaldi, Eiríkur Hilmarsson frá Hagstofu Íslands og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneytinu. Stefán Þór Jansen, sérfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, sá um gerð gagnasafnsins.⁴

Þann 1. nóvember 1999 fengu ASÍ og Samtök atvinnulífsins gagnasafnið í hendur. Hagdeildir samtakanna útbjuggu í framhaldi af því kostnaðarlíkan og eru niðurstöður úr því efni þessarar samantektar. Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur ASÍ og Sigurður Jóhannesson hagfræðingur SA höfðu umsjón með verkinu.

2.2. Lýsing á gögnunum

Í gagnagrunninum eru upplýsingar um mæður allra barna sem fæddust á Íslandi árið 1997. Þar eru einnig upplýsingar um þá feður, sem voru giftir eða í sambúð með móðurinni samkvæmt fæðingarskýrslu.⁵ Alls fæddist 4.151 barn hér á landi árið 1997 og 8 íslenskar konur fæddu börn erlendis. Þar af voru 82 fjölbura-fæðingar og eru 4.073 mæður í gagnagrunninum.⁶

Eftirfarandi upplýsingar eru um móðurina: Aldur, staða á vinnumarkaði,⁷ fjöldi mánaða sem móðir fékk orlofsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, fjöldi mánaða sem móðir fékk orlofsgreiðslur frá Ríkisbókhaldi, heildarupphæð orlofsgreiðslna frá Ríkisbókhaldi og tekjur samkvæmt skattskrá, skipt eftir því hvort launagreiðandi var ríki, ríkisstofnun, sveitarfélag, banki eða aðrir. Þá er tilgreint hvort um einbura- eða fjölbura-fæðingu var að ræða.

³ „Minnisblað um hönnun kostnaðarlíkans fyrir réttindakerfi foreldra á almennum vinnumarkaði“, dagsett 5. nóvember 1998. Minnisblað dagsett í desember 1998 „Kostnaðarmat vegna nýs réttindakerfis foreldra. Gerð gagnagrunns.“

⁴ Sjá greinargerð Þjóðhagsstofnunar dagsetta 2. nóvember 1999: „Gagnagrunnur vegna fæðingarorlofs“

⁵ Sambúðin þarf ekki að vera skráð í hjóðskrá.

⁶ 164 börn eiga móður sem var með lögheimili erlendis og/eða með erlent ríkisfang. Þar af eru 23 sem engar greiðslur fengu í fæðingarorlofi og sex sem voru skráðar í skóla.

⁷ Tryggingastofnun ríkisins greinir á milli nema, bankastarfsmanna og annarra.

Eftirfarandi upplýsingar eru um föðurinn: Tekjur samkvæmt skattskrá, skipt eftir því hvort launagreiðandi var ríki, ríkisstofnun, sveitarfélag, banki eða aðrir.

Eins og áður segir eru einungis upplýsingar um þá feður sem eru giftir eða í sambúð með barnsmóðurinni samkvæmt fæðingarskýrslu. Þetta hefur þau áhrif að upplýsingar eru einungis um 85% feðranna (593 feður vantar). Mæðurnar eru á aldrinum 14 til 45 ára. Um 10% mæðranna voru tekjulausar árið fyrir fæðinguna en 4,2% feðranna. Í töflu 1 má sjá hvernig tekjur foreldranna skiptast eftir uppruna.

Tafla 1: Tekjur foreldra barna fæddra árið 1997, skipt eftir uppruna.*

	Mæður	Feður
	<i>Hlutfall tekna</i>	
Ríki og ríkisstofnanir	18,3%	9,5%
Sveitarfélög	15,8%	5,2%
Bankar	4,1%	1,7%
Almennur markaður	54,0%	82,1%
Aðrar tekjur	7,7%	1,4%
Samtals	100,0%	100,0%
Fjöldi	4.073	3.480
Tekjur alls (m.kr.)	3.629	6.488
Meðal mánaðartekjur (kr.)	74.257	155.362

* Tekjur eru hér skilgreindar sem atvinnutekjur og aðrar tekjur.

3. Kostnaður við núverandi kerfi

3.1. Greiðslur Tryggingastofnunar í fæðingarorlofi

Þeir sem hafa átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði fyrir fæðingu barns og eiga ekki rétt á óskertum launum samkvæmt kjarasamningi eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi frá Tryggingastofnun ríkisins.

Greiðslurnar eru tvenns konar. Annars vegar *fæðingarstyrkur* sem greiddur er móður í sex mánuði við fæðingu hvers barns. Réttur til fæðingarstyrks er óháður atvinnuþátttöku móður. Hins vegar eru *fæðingardagpeningar*, en til að eiga rétt á þeim þurfa foreldrar að vera á vinnumarkaði eða í skóla. Ýmist eru greiddir fullir eða hálfir dagpeningar. Fullra dagpeninga nýtur sá sem unnið hefur 1032 - 2064 dagvinnustundir síðustu 12 mánuði fyrir töku orlofs. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1031 dagvinnustundir síðustu 12 mánuði fyrir töku orlofs.

Almenna reglan er sú að réttur til fæðingarorlofs er 28 vikur, þar af sex mánuðir fyrir móður og tvær vikur fyrir föður. Stofnunin greiðir meira en sex mánuði þegar um fjölbura fæðingar er að ræða eða vegna veikinda móður eða barns.⁸ Faðir getur með samþykki móður fengið greidda fæðingardagpeninga. Feður eiga ekki rétt á fæðingarstyrk þennan tíma.

Tafla 2: Fjárhæðir fæðingarorlofs frá Tryggingastofnun árið 1997

	Krónur á mánuði
Fæðingarstyrkur	28.984
Fæðingardagpeningar	36.931
Fæðingarstyrkur og fullir dagpeningar	65.915
Fæðingarstyrkur og hálfir dagpeningar	47.449

Tafla 3: Fjöldi kvenna sem fengu greiðslur frá Tryggingastofnun í fæðingarorlofi

	Fjöldi kvenna
Fæðingarstyrkur	361
Fæðingarstyrkur og hálfir dagpeningar	160
Fæðingarstyrkur og fullir dagpeningar	2.826
Samtals	4.349

Samkvæmt gagnagrunninum greiddi Tryggingastofnun 1.256 m.kr. í fæðingarorlof vegna barna fæddra 1997.⁹ Greiðslurnar fóru til 4.349 kvenna. Árið 1997 var almenna reglan sú að bankastarfsmenn áttu einungis rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun í þrjá mánuði, því að kjarasamningar þeirra kváðu á um óskert laun fyrstu þrjá mánuði orlofsins. Kjarasamningum var breytt síðastliðið sumar og fá bankastarfsmenn nú samtals sex mánuði frá Tryggingastofnun og sem samsvarar 80% af mismun óskertra launa og greiðslna Tryggingastofnunar frá vinnuveitanda. Miðað við nýjan kjarasamning hefðu útgjöld Tryggingastofnunar verið 21 m.kr. hærra vegna barna fæddra árið 1997.

⁸ Fyrir hvert barn umfram eitt framlengist orlofið um þrjá mánuði, enda fæðast tvö eða fleiri börn lifandi. Þannig er fæðingarorlof greitt í níu mánuði vegna tvíbura og 12 mánuði vegna þrúbura.

⁹ Útgjöld TR vegna fæðingarorlofs árið 1997 voru 1.285 m.kr. eða 2,2% hærra. Tölur TR eru ólíkar þeim sem hér eru að því leyti að þær miðast við almanaksár og ekki hverja fæðingu. Greiðslur vegna fæðingar 1. desember 1996 koma t.d. inn í tölur TR, en ekki í gagnagrunninn. Greiðslur vegna barns sem fætt er 31. desember 1997 koma að fullu inn í gagnagrunninn, en ekki í tölur TR.

Árið 1998 hóf Tryggingastofnun að greiða feðrum fæðingarorlof í tvær vikur. Rétturinn er ekki framseljanlegur á milli foreldra. Alls sóttu 1.108 karlar rétt sinn til stofnunarinnar árið 1998. Miðað við að 1.150 karlar nýti orlofið að jafnaði, má reikna með að kostnaður vegna feðra hefði verið 35 m.kr. meiri árið 1997.

Miðað við þær reglur sem gilda í byrjun árs 2000 um fæðingarorlof hefðu útgjöld Tryggingastofnunar árið 1997 verið 1.313 m.kr. eða sem samsvarar 0,51% af tryggingagjaldsstofni.

Fæðingarorlofsgreiðslur Tryggingastofnunar eru ekki laun og leggjast launatengd gjöld því ekki á þær. Viðtakandi ávinnur sér þar með ekki rétt til greiðslna í sumarorlofi og öðlast ekki réttindi í lífeyrissjóði.

3.1.1. Greiðslur Tryggingastofnunar til kvenna á vinnumarkaði

Konur á vinnumarkaði teljast hér þær konur sem fá fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun. Alls fengu 2.508 konur greidda fæðingardagpeninga vegna barna sem fæddust árið 1997, þar af fengu 2.356 konur fulla dagpeninga og 152 hálfa. Samkvæmt gagnagrunninum voru greiðslurnar 998 m.kr. Greiðslur til kvenna á vinnumarkaði eru tæplega 80% af heildarútgjöldum Tryggingastofnunar vegna fæðingarorlofs kvenna.¹⁰

Alls fæddu 108 fastráðnir bankastarfsmenn börn árið 1997. Útgjöld Tryggingastofnunar hefðu hækkað um 21 m.kr. ef reglur sem bankamenn hafa nú samið um hefðu verið í gildi þá. Heildargreiðslur Tryggingastofnunar hefðu þá orðið 1.019 m.kr. vegna kvenna á vinnumarkaði.

Í töflu 4 má sjá tekjudreifingu kvenna sem fæddu börn árið 1997 og voru á vinnumarkaði samkvæmt skrá Tryggingastofnunar. Um er að ræða mánaðartekjur árið 1996 og er tekjudreifingin skoðuð annars vegar miðað við atvinnutekjur og hins vegar miðað við atvinnutekjur að viðbættum greiðslum frá Tryggingastofnun, greiðslum úr lífeyrissjóði, atvinnuleysisbótum, félagslegri aðstoð og fleira.

¹⁰ Greiðslur til kvenna sem fengu fulla dagpeninga voru 76,3% og greiðslur til kvenna sem fengu hálfa dagpeninga 3,5%.

Tafla 4: Tekjudreifing kvenna sem fæddu börn árið 1997 og fengu bæði fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun. Hlutfall kvenna í tekjubili.

Meðalmánaðar- tekjur árið 1996	Fengu hálfa dagpeninga		Fengu fulla dagpeninga	
	Atvinnu- tekjur	Atvinnu- tekjur og aðrar tekjur*	Atvinnu- tekjur	Atvinnu- tekjur og aðrar tekjur*
--- Hlutfall kvenna í tekjubili árið 1996 ---				
0	11,2%	3,9%	4,3%	1,6%
1 – 40.000	60,5%	48,0%	18,3%	10,8%
40.001 – 60.000	19,1%	33,6%	19,4%	21,5%
60.001 – 80.000	5,3%	7,9%	19,7%	24,2%
80.001 – 100.000	3,3%	5,3%	14,1%	16,2%
100.001 – 150.000	0,7%	1,3%	9,4%	10,1%
150.000 – 200.000	0,0%	0,0%	7,3%	8,0%
200.001 – 250.000	0,0%	0,0%	5,3%	5,3%
250.001 – 300.000	0,0%	0,0%	1,5%	1,5%
300.001 – 350.000	0,0%	0,0%	0,5%	0,5%
350.001 – 400.000	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%
yfir 400 000	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Heildarfjöldi kvenna	152	152	2.355	2.355
Meðalmánaðartekjur	28.900	39.200	75.381	81.840
Miðgildi mánaðartekna	23.734	37.937	67.200	72.400

* Aðrar tekjur eru skilgreindar sem greiðslur frá Tryggingastofnun, greiðslur úr lífeyrissjóði, atvinnuleysisbætur, tekjur erlendis og ýmsar tekjur skv. tl. 7.3 á skattframtali (höfundarlaun, styrkir, húsaleigubætur, félagsleg aðstoð o.fl.)

Í töflunni kemur fram að mikill munur er á meðaltekjum kvenna sem fengu hálfa og fulla dagpeninga. Margar konur (44) voru með mjög litlar eða jafnvel engar tekjur árið 1996, en fengu þó fæðingardagpeninga. Athygli vekur hversu mikil áhrif *aðrar tekjur* hafa á tekjudreifinguna, sérstaklega hjá konum með litlar atvinnutekjur. Skýringin er sennilega fyrst og fremst atvinnuleysis- og/eða örorkubætur.

Til að fá fulla dagpeninga er gerð krafa um að starfsmaðurinn hafi unnið að minnsta kosti 1032 dagvinnustundir undanfarna 12 mánuði. Þetta samsvarar einungis 86 stundum á mánuði eða 50% vinnu. Til að fá hálfa dagpeninga er gerð krafa um að hún/hann hafi unnið a.m.k. 516 stundir síðustu 12 mánuði, sem samsvarar 43 stundum á mánuði eða 25% vinnu.

Fæðingarstyrkur og fullir dagpeningar voru að meðaltali 65.900 krónur árið 1997. Í töflu 5 má sjá að 42% kvenna sem hlutu þessar greiðslur Tryggingastofnunar hækkuðu í tekjum við að fara í fæðingarorlof.

Tafla 5: Konur á vinnumarkaði sem hækkuðu í tekjum við að fá fæðingarorlofsgreiðslur frá Tryggingastofnun

	Hækkuðu í tekjum	
	Fjöldi	Hlutfall
Fengu fulla dagpeninga	1.001	42%
Hálfa dagpeninga	53	65%
Samtals	1.054	42%

Fleiri en ein skýring getur verið á því að konur fá fulla dagpeninga árið 1997, þrátt fyrir að tekjur ársins 1996 hafi verið litlar eða jafnvel engar.

- Móðir getur hafa farið út á vinnumarkaðinn í lok árs 1996 eða í byrjun árs 1997 og fætt barn seinni part ársins 1997. Meðaltekjur ársins 1996, eins og þær eru settar fram hér, gefa þá ekki rétta mynd af tekjum hennar síðustu mánuðina áður en fæðingarorlof hófst.
- Tryggingastofnun kann að hafa verið gefinn upp rangur vinnutími og fæðingarorlofsgreiðslur því hærra en þær ættu að vera samkvæmt reglum stofnunarinnar.

Í töflu 6 má sjá hvernig tekjur kvenna á vinnumarkaði skiptust eftir launagreiðendum.

Tafla 6: Tekjur kvenna sem fengu fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun, flokkaðar eftir launagreiðanda/uppruna

Ríki og ríkisstofnanir	5,7%
Sveitarfélög	7,6%
Bankar	6,0%
Almennur markaður	72,2%
Aðrar tekjur	8,4%
Samtals:	100,0%

3.1.2. Greiðslur Tryggingastofnunar til kvenna í námi

Samkvæmt gagnagrunninum voru 12% kvenna (478 konur) sem fæddu börn árið 1997 skráðar í skóla. Allar fengu konurnar dagpeninga, þar af 470 fulla og 8 hálfa. Útgjöld Tryggingastofnunar vegna fæðingarorlofs námskvenna voru samtals 194 m.kr. eða sem nemur 15,4% af heildarútgjöldum til málaflokksins.

Tafla 7: Tekjudreifing kvenna sem fæddu börn árið 1997 og voru skráðar í námi hjá Tryggingastofnun. Hlutfall kvenna í tekjubili.

Meðaltal mánaðartekna 1996	Atvinnu- tekjur	Atvinnu- tekjur og aðrar tekjur*
<i>Hlutfall kvenna</i>		
0	8,6%	6,3%
1-20.000	19,9%	15,7%
20.001-30.000	15,7%	15,7%
30.001-40.000	14,9%	16,7%
40.001-60.000	24,1%	26,2%
60.001-80.000	11,9%	14,4%
80.001-100.000	3,6%	3,6%
100.001-120.000	1,0%	0,8%
120.001-150.000	0,2%	0,4%
150.001-200.000	0,2%	0,2%
200.001-250.000	0,0%	0,0%
250.001-300.000	0,0%	0,0%
Samtals	100,0%	100,0%
Fjöldi kvenna	478	478
Meðaltal mánaðartekna	36.400	39.600
Miðgildi mánaðartekna	32.900	36.900

Meðalmánaðartekjur kvennanna voru tæplega 40 þúsund krónur árið 1996. Ráðstöfunarfé þeirra er þó ekki endilega að hækka svo mjög við töku fæðingarorlofs, því að væntanlega hafa margar þeirra verið með námslán fyrir fæðinguna.

3.1.3. Greiðslur Tryggingastofnunar til kvenna sem hvorki eru á vinnumarkaði né í námi

Konur utan vinnumarkaðar eru hér skilgreindar sem þær konur sem aðeins fá fæðingarstyrk frá Tryggingastofnun og ekki fæðingardagpeninga. Þetta á við um þær konur sem hafa unnið minna en 516 klst. síðastliðna 12 mánuði. 363 konur fengu einungis fæðingarstyrk og var kostnaður Tryggingastofnunar af því 64,3 m.kr., eða 5% af heildarútgjöldum vegna fæðingarorlofs.

Tafla 8: Tekjudreifing kvenna sem fældu börn árið 1997 og fengu einungis fæðingarstyrk frá Tryggingastofnun. Hlutfall kvenna í tekjubili.

Meðaltal mánaðartekna 1996	Atvinnu- tekjur	Atvinnu- tekjur og aðrar tekjur*
<i>Hlutfall kvenna</i>		
0	59,0%	36,4%
1-20.000	24,8%	27,8%
20.001-30.000	6,6%	8,3%
30.001-40.000	1,7%	4,4%
40.001-60.000	3,3%	11,0%
60.001-80.000	3,0%	7,4%
80.001-100.000	0,6%	3,0%
100.001-120.000	0,3%	0,6%
120.001-150.000	0,3%	0,6%
150.001-200.000	0,3%	0,3%
200.001-250.000	0,3%	0,3%
250.001-300.000	0,0%	0,0%
Samtals	100,0%	100,0%
Fjöldi kvenna	363	363
Meðaltal mánaðartekna	10.147	21.907
Miðgildi mánaðartekna	0	54.400

3.2. Greiðslur atvinnurekenda í fæðingarorlofi

Í gagnagrunninum eru ekki upplýsingar um fæðingarorlofsgreiðslur annarra atvinnurekenda en ríkisins. Upplýsingar um greiðslur ríkisins eru ekki tæmandi. Þetta kemur fram í kafla 5.2.1.

3.2.1. Greiðslur ríkisins í fæðingarorlofi

Fastráðin kona sem starfar samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og hefur starfað í þjónustu ríkisins í sex mánuði samfelld fyrir barnsburð á rétt á leyfi í sex mánuði með sömu dagvinnulaunum og fylgja stöðunni.¹¹ Fyrstu þrjá mánuðina skal hún einnig fá meðaltal annarra greiðslna síðustu 12 mánuði áður en leyfið hófst (orlofstími er ekki talinn með). Orlof lengist um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt. Samkvæmt kjarasamningunum skulu stofnanir leitast við að verða við ósk móður um að lengja fæðingarorlof í allt að einu ári. Launagreiðslur aukast ekki þó fæðingarorlof sé framlengt.

Karlar, sem starfað hafa samfelld hjá ríkinu í sex mánuði, eiga rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur og fá full dagvinnulaun, en helming af meðaltali yfirvinnu- og vaktaálags. Allir karlar sem vinna hjá ríkinu njóta sömu kjara. Konur sem starfa ekki samkvæmt kjarasamningum

¹¹ Reglugerð nr. 410/1989.

opinberra starfsmanna (Alþýðusambandskonur) fá ekki launagreiðslur frá ríkinu í fæðingarorlofi, þrátt fyrir að þær starfi hjá ríkinu.

Ríkið greiðir launatengd gjöld af launum í fæðingarorlofi. Starfsmaðurinn ávinnur sér því orlofsrétt í fæðingarorlofi. Einnig er greitt af launum hans tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi eru launatengd gjöld, án orlofs, samtals 18,33% af launum ríkisstarfsmanna. Ef gert er ráð fyrir að orlofshlutfallið sé 11% að meðaltali, þá eru launatengd gjöld 29,3% ofan á laun opinberra starfsmanna í fæðingarorlofi.

Greiðslur launaskrifstofu til mæðra:

Upplýsingar um orlofsgreiðslur ríkisins eru ekki tæmandi í gagnagrunninum, því þær ná einungis til þeirra foreldra sem fá greidd laun frá Starfsmannaskrifstofu ríkisins og eru í launasafni Ríkisbókhalds. Samkvæmt launasafni Ríkisbókhalds voru greiddar 158 m.kr. til 230 kvenna sem fæddu börn árið 1997. Upphæðin er 52% af launagreiðslum Ríkisbókhalds árið 1996 til sömu kvenna, en einungis 33% af launagreiðslum til allra kvenna sem fæddu börn árið 1997. Þetta er vegna þess að margar konur sem fá laun frá ríkinu eiga ekki rétt á fæðingarorlofi skv. kjarasamningum.

Af 158 m.kr. hefur ríkið greitt 46 m.kr. í launatengd gjöld og voru útgjöld vegna kvennanna því samtals 204 m.kr.

Tafla 9: Tekjudreifing kvenna sem fengu greidd laun frá ríkisbókhaldi í fæðingarorlofi

Meðaltal mánaðartekna 1996	Atvinnu- tekjur	Atvinnu- tekjur og aðrar tekjur*
<i>Hlutfall kvenna</i>		
0	0,0%	0,0%
0-20.000	0,9%	0,4%
20.001-30.000	1,3%	1,3%
30.001-40.000	1,7%	1,3%
40.001-60.000	8,7%	8,7%
60.001-80.000	6,1%	6,5%
80.001-100.000	17,4%	17,4%
100.001-120.000	17,8%	17,8%
120.001-150.000	23,9%	23,9%
150.001-200.000	13,0%	13,5%
200.001-250.000	7,8%	7,8%
250.001-300.000	0,4%	0,4%
Samtals	100,0%	100,0%
Fjöldi kvenna	230	230
Meðaltal mánaðartekna	120.181	121.371
Miðgildi mánaðartekna	116.813	116.883

Samkvæmt gagnagrunninum fengu konurnar að meðaltali 87.815 krónur í laun í fæðingarorlofi. Ástæða þess að greiðslurnar eru svona miklu lægri en meðallaunin má fyrst og fremst rekja til þess að flestar mæður (67%) taka orlof sem er lengra en sex mánuðir og er orlofsgreiðslum sex mánaða þá dreift niður á orlofstímabilið. Um þetta er fjallað í kafla 5.4.

Greiðslur launaskrifstofu til feðra

Karlar sem starfa hjá ríkinu eiga nú rétt á launum í tveggja vikna fæðingarorlofi, sem fyrr segir. Ef gert er ráð fyrir að sama hlutfall karla og kvenna taki orlofið má gera ráð fyrir að fæðingarorlofsgreiðslur ríkisins til feðra barna, sem fæddust árið 1997, hefðu numið um 15 m.kr. (ef rétturinn hefði verið fyrir hendi þá). Kostnaður með launatengdum gjöldum er 19 m.kr.

Greiðslur ríkisstofnanna til foreldra

Á grundvelli upplýsinga frá launasafni ríkisbókhalds má gera ráð fyrir að kostnaður ríkisstofnanna vegna fæðingarorlofs, hafi verið 63 m.kr. vegna fæðinga árið 1997. Er þá miðað við að fæðingarorlofsgreiðslur séu 33,2% af launagreiðslum 1996 til kvenna sem fæddu börn árið 1997. Þegar tekið er tillit til launatengdra gjalda hefur kostnaður ríkisstofnanna verið 81 m.kr. vegna mæðra, en ef feður hefðu átt rétt á orlofi hefðu 3 m.kr. bást við vegna þeirra.

Heildargreiðslur ríkisins í fæðingarorlofi

Samkvæmt ofansögðu má reikna með að launakostnaður ríkisins og ríkisstofnana vegna starfsmanna í fæðingarorlofi hafi samtals verið 307 m.kr. Þar af hafi 285 m.kr. verið vegna mæðra og 22 m.kr. vegna feðra.

3.2.2. Greiðslur sveitarfélaga í fæðingarorlofi

Um starfsmenn sveitarfélaga gilda svipaðar reglur um greiðslur í fæðingarorlofi og um starfsmenn ríkisins. Fastráðin kona sem starfar samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og hefur starfað í þjónustu sveitarfélags í sex mánuði samfellt fyrir barnsburð á rétt á leyfi í sex mánuði með sömu dagvinnulaunum og fylgja stöðunni. Fyrstu þrjá mánuðina skal hún einnig fá meðaltal annarra greiðslna síðustu 12 mánuði áður en leyfið hófst. Karlar fá fæðingarorlof í tvær vikur og eru á fullum launum fyrri vikuna en dagvinnulaunum seinni vikuna. Karlar eiga að auki kost á tveimur mánuðum á launum hjá sveitarfélögum í fæðingarorlofi, og dregst sá tími þá frá orlofi móður.¹² Um greiðslur gilda sömu reglur og um orlof móður. Sveitarfélög greiða launafólki í verkamannafélögum að jafnaði ekki laun í fæðingarorlofi.

Í gagnagrunninum eru ekki upplýsingar um greiðslur sveitarfélaga til kvenna í fæðingarorlofi. Á grundvelli upplýsinga frá launasafni ríkisbókhalds má ætla að greiðslur til mæðra hafi verið 190 m.kr. vegna barna sem fæddust árið 1997, en 246 m.kr. að teknu tilliti til launatengdra gjalda. Ef feður hefðu átt kost á tveggja vikna fæðingarorlofi eins og nú má ætla að fæðingarorlofsgreiðslur til þeirra hefðu verið um 8 m.kr., og kostnaður að meðtöldum tengdum gjöldum hefði alls verið um 11 m.kr.

3.2.3. Greiðslur fjármálafyrirtæki í fæðingarorlofi

Frá og með 1. júlí 1999 greiða fjármálafyrirtæki fastráðinni konu í fæðingarorlofi, í allt að sex mánuði, sem svarar 80% af mismun á óskertum launum og greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins til foreldra, þ.e. samanlagðri fjárhæð fæðingardagpeninga og fæðingarstyrks. Til óskertra launa telst, auk fastra mánaðarlauna samkvæmt kjarasamningi, greiðsla fyrir reglubundna yfirvinnu og vaktaálág. Faðir nýtur sömu greiðslna þann hluta orlofsins sem hann tekur ef foreldrar ákveða að skipta sex mánaða orlofi á milli sín. Ef um fjölbura fæðingu er að ræða lengist greiðslutímabil bankans um tvo mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Bankarnir greiða öll launatengd gjöld í fæðingarorlofi starfsmanna sinna, þar á meðal er móttframlag í lífeyrissjóð og orlof. Að þessu leyti eru réttindi bankastarfsmanna lík réttindum þeirra opinberu starfsmanna sem taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka voru útgjöld bankans vegna fæðingarorlofs að meðaltali 375 þús. kr. vegna hverrar konu sem fæddi barn árið 1997, en 518 m.kr. þegar tekið er tillit til launatengdra gjalda.¹³ Ef þessar upplýsingar eru notaðar til að meta greiðslur

¹² Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi sveitarfélaga er þessi réttur lítið notaður.

¹³ Í upplýsingunum frá Íslandsbanka er ekki getið um kostnað vegna áunninna orlofsréttinda og er sá kostnaður því áætlaður af skýrsluhöfundum. Gert er ráð fyrir að orlofshlutfallið sé að meðaltali 11% af launum.

bankakerfisins alls vegna fæðingarorlofs árið 1997 hefur kostnaðurinn verið 42,8 m.kr. til 108 kvenna og 55,9 m.kr. þegar tekið er tillit til launatengdra gjalda.

3.2.4. Greiðslur annarra atvinnurekenda í fæðingarorlofi

Til er að einstök fyrirtæki greiði starfsmönnum sínum laun, eða hluta launa í fæðingarorlofi. Þetta á til dæmis við um starfsmenn margra sjálfseignarstofnana sem eru í félögum sem semja um kjör við Fjármálaráðherra.

Blaðakonur halda fullum launum í fjóra mánuði í fæðingarorlofi, ef þær hafa unnið samfelldt í eitt ár hjá sama blaði.

Flugfreyjur fá greidd óskert laun samkvæmt launaflokki í fjóra mánuði eftir að þær láta af störfum vegna þungunar (þessar greiðslur eru að mestu greiddar fyrir fæðingu).

Í könnun sem Samtök atvinnulífsins gerðu hjá stórum fyrirtækjum haustið 1999 kváðust nokkrir svarendur greiða laun til viðbótar fæðingarorlofsgreiðslum Tryggingastofnunar. Oftast nýtur aðeins hluti starfsmanna þessara réttinda, til dæmis sérfræðingar eða fólk utan stéttarfélaga.

3.3. Greiðslur annarra í fæðingarorlofi

Tveir sjúkrasjóðir aðildarfélaga ASÍ bæta félagsmönnum sínum hluta launataps í fæðingarorlofi og nokkrir greiða fæðingarstyrk. Skilyrði fyrir greiðslum í fæðingarorlofi eru almennt þau að sjóðfélagi hafi greitt til sjóðsins í 12 eða 24 mánuði. Í töflu 10 er yfirlit um þá sjóði sem ASÍ er kunnugt um að greiði styrk eða hluta launataps í fæðingarorlofi. Fyrir utan úthlutunarreglur og upphæðir styrkjanna hefur kynja- og aldursamsetning sjóðanna mikil áhrif á fjölda styrkþega og heildarútgjöld sjóðanna.¹⁴

Greiðslur sjúkrasjóðanna eru ekki laun og leggjast launatengd gjöld því ekki á þær. Viðtakandi ávinnur sér þar með ekki rétt til greiðslna í sumarorlofi og öðlast ekki réttindi í lífeyrissjóði.

¹⁴ Þetta á auðvitað við um öll útgjöld sjúkrasjóðanna. Kjarasamningsbundinn veikindaréttur sjóðsfélaga hefur t.d. úrslitaáhrif á útgjöld viðkomandi sjúkrasjóðs. Verslunarmenn hafa lengri veikindarétt en flestar aðrar stéttir innan ASÍ og eru útgjöld sjúkrasjóða þeirra vegna veikinda sjóðsfélaga því almennt minni en annarra. Hlutfall ungra kvenna er hins vegar hátt og úthlutunarreglur í fæðingarorlofi rúmar og útgjöld vegna greiðslna í fæðingarorlofi því miklar.

Tafla 10: Sjúkrasjóðir aðildarféлага ASÍ sem greiða laun eða styrk í fæðingarorlofi árið 1999

Stéttarfélag að baki sjúkrasjóði	Fjöldi sjóðs-félaga 1999	Styrkur/hlutfall launa	Fjöldi styrk-þega*	Útgjöld vegna fæðinga*
Efling, stéttarfélag, Reykjavík	15.000	20.000 kr.	125	2.500.000 kr.
Matvís, landssamband	1.403	20.000 kr.	67	1.340.000 kr.
Rafiðnaðarsamband Íslands, landssamband	3.730	80%	33	3.500.000 kr.
Samstaða, Blönduósi	660	28.620 kr.	14	401.000 kr.
Verslunarmannafélag Húsavíkur	170	**68.688 kr.	16	1.165.000 kr.
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur	16.000	80%	282	70.601.000 kr.
Vlf. Akraness	1.411	27.000 kr.	61	1.471.500 kr.
Vlf. Borgarness	834	20.700 kr.	26	532.000 kr.
Vlf. Hlíf, Hafnarfirði	3.441	19.000 kr.	6	114.000 kr.
Vlf. Húsavíkur	900	**68.688 kr.	14	1.019.000 kr.
Vlf. Hrófirðinga, Brú	81	5.000 kr.	3	15.000 kr.
Vlf. Norðfirðinga, Neskaupsstað	409		1	20.000 kr.
Vlf. Sógandi, Suðureyri	80	34.900 kr.	3	104.700 kr.
Vlf. Valur, Búðardal	123	22.000 kr.	4	88.000 kr.
Vlf. Þórshafnar	230	60.480 kr.	0	0 kr.
Samtals	44.472		655	82.871.200 kr.

* Verslunarmannafélag Reykjavíkur greiddi hluta af launatapi í fæðingarorlofi frá og með 8. mars 1999. Hér eru upplýsingamar reiknaðar m.v. ársgrundvöll.

** Ofan á þessa upphæð greiða sjóðirnir 6% mótframlag í lífeyrissjóð, þannig að í raun eru greiðslurnar 72.809 kr. á mánuði. Karlar fá lægri greiðslur, sjá texta.

Sjúkrasjóður Rafiðnaðarsambandsins hefur frá árinu 1990 tryggt rafiðnaðarkonum 80% launa í fæðingarorlofi. Rafiðnaðarkarlar fengu sama rétt í janúar 1998, þegar karlar fengu rétt til sérstaks fæðingarorlofs skv. lögum. Í reglum sjúkrasjóðsins segir að „taki félagskona með fullgild réttindi fæðingarorlof þá á hún rétt á styrk sem svarar mismun á 80% af launum næstliðinna sex mánaða fyrir og þeim bótum sem hún á rétt á annars staðar frá. Taki félagsmaður með fullgild réttindi fæðingarorlof á hann rétt á styrk í tvær vikur sem svarar mismun á 80% af launum næstliðinna sex mánaða og fæðingardagpeningum og fæðingarstyrk.“ Félagismaður fær fullgild réttindi eftir að hafa greitt sex mánuði í sjóðinn, eða eftir einn mánuð ef hann hefur áður greitt til annars stéttarfélags. Árið 1999 voru 3.180 karlar í Rafiðnaðarsambandinu og 550 konur. Sama ár fengu 24 karlar (0,8%) og níu konur (1,6%) greiðslur vegna fæðingarorlofs og voru útgjöldin 3,5 m.kr.

Frá og með 1. apríl 1999 tryggir sjúkrasjóður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sjóðsfélögum sínum 80% af mánaðarlaunum í fæðingarorlofi. Greiðslur frá Tryggingastofnun koma til frádráttar útreikningi launa. Fullan rétt eiga þeir sem hafa greitt í sjóðinn í 24 mánuði og lengur, en þeir sem hafa greitt í sjóðinn 12–24 mánuði eiga takmarkaðan rétt.¹⁵ Í Verzlunarmannafélaginu eru 15.300 fullgildir félagsmenn og eru 60% þeirra konur.¹⁶

Alls fennu 282 einstaklingar greidda fæðingarorlofsdagpeninga árið 1999, þar af 216 konur og 66 karlar. Einungis einn karl nýtti sér lengra fæðingarorlof en 14 daga og var fimm mánuði í fæðingarorlofi. Heildargreiðsla fæðingarorlofsdagpeninga var kr. 52.950.521 yfir 9 mánaða tímabil, sem eru kr. 70.600.695 miðað við 12 mánaða tímabil. Fleiri konur fá greiðslur en reiknað var með í upphafi, en mun færri karlar.

¹⁵ Þeir sem hafa greitt 23 mánuði í sjóðinn eiga rétt á 70% launa, þeir sem hafa greitt 22 mánuði eiga rétt á 60% o.s.frv. Undantekningar frá almennum reglum eru gerðar ef félagsmaður hefur farið tímabundið til starfa á öðru félagssvæði, ef báðir foreldrar eru sjóðsfélagar o.fl.

¹⁶ Fullgildir félagar eru þeir sem hafa greitt lágmarks félagsgjald, sem var 4.800 kr. fyrir allt árið 1999.

Nokkrir sjúkrasjóðir greiða sjóðsfélögum sínum fæðingarstyrk. Efling stéttarfélag greiðir foreldrum 20.000 kr. við fæðingu hvers barns. Séu báðir foreldrar sjóðsfélagar er greiddur tvöfaldur styrkur. Til að eiga rétt á fæðingarstyrk þarf starfsmaður að hafa verið sjóðsfélagi í 12 mánuði. Á árinu 1999 voru greiddar 2,5 m.kr. í fæðingarstyrk til samtals 125 foreldra.


3.4. Lengd fæðingarorlofs

Tryggingastofnun greiðir fæðingarorlof að meðaltali 6,2 mánuði. Launaskrifstofa ríkisins greiðir fæðingarorlof að meðaltali í 8,7 mánuði.


Á meðfylgjandi myndum má sjá hversu lengi konur eru að jafnaði í fæðingarorlofi. Fjölbura fæðingar eru undanskildar. Á mynd 1 kemur fram að 87% kvenna fá greiðslur í sex mánuði frá Tryggingastofnun. Þær sem fá greiðslur lengur eru annað hvort veikar eða þá að barnið er veikt. Einungis 33% kvenna hjá ríki velja að vera sex mánuði í fæðingarorlofi. 20% velja að vera í tólf mánuði og 13% í 13 mánuði. Hér kemur skýrt fram hvernig konur hjá ríkinu nýta þann sveigjanleika sem kjarasamningar þeirra bjóða upp á.

Líklegt er að foreldrar á almennum vinnumarkaði veldu aukinn sveigjanleika í fæðingarorlofi ef boðið yrði upp á slíkt.

Mynd 1: Lengd greidds fæðingarorlofs hjá konum sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins



Mynd 2: Lengd greidds fæðingarorlofs hjá konum sem fá greiðslur frá launaskrifstofu ríkisins



4. Kostnaður við aukinn rétt

Kostnaðarmat hagdeilda Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins er miðað við fæðingar ársins 1997 og tekjur foreldra árið 1996. Það kemur ekki að sök að tekjuupplýsingarnar séu nokkurra ára gamlar. Kostnaðinn má gera óháðan tíma, með því að reikna krónurnar yfir í hlutfall af tryggingagjaldstofni, en hann breytist í takt við tekjur í landinu.

Þegar kostnaður við nýtt kerfi er metinn er nauðsynlegt að taka mið af því hvað núverandi kerfi kostar og meta í framhaldi af því viðbótarkostnað af breytingunni (mismun af nýju og gömlu kerfi).

4.1. Kostnaður við tekjutengt orlof foreldra

Hér er metinn kostnaður við tekjutengt orlof foreldra, hvort sem er fæðingarorlof eða foreldraorlof. Greiðslur miðast við tekjur síðasta árs, óháð launagreiðanda.

Ef engin mörk eru sett á greiðslur í orlofi, hvorki lágmark né hámark, og mánaðarlegar greiðslur eru miðaðar við full meðalmánaðarlaun ársins á undan kostar hver vika 66,5 m.kr. vegna mæðra og 127 m.kr. vegna feðra.

Í töflum 11 og 12 er kostnaðurinn sýndur miðað við mismunandi forsendur um lágmarks- og hámarksgræiðslur. Í töflunni er gert ráð fyrir að allir foreldrar nýti orlofsréttinn, einnig þeir feður sem ekki eru skráðir í sambúð með móður.

Tafla 11: Kostnaður við eina viku í tekjutengdu fæðingar- eða foreldraorlofi. Orlofsréttur fullnýttur*

Hlutfall af tekjum ársins á undan**	Lágmark greiðslna í orlofi, óháð tekjum***	Hámark greiðslna í orlofi****	Vikulegar greiðslur til mæðra m.v. 1997 --- m.kr. ---	Vikulegar greiðslur til feðra m.v. 1997
129,3%	Ekkert	Ekkert	85,6	193,2
100%	Ekkert	Ekkert	66,5	148,7
100%	Ekkert	217.000	65,7	132,6
100%	28.984	217.000	70,5	133,1
100%	47.449	217.000	76,0	134,0
100%	65.915	217.000	84,2	135,7
80%	Ekkert	217.000	53,0	112,3
85%	Ekkert	217.000	56,2	117,8
90%	Ekkert	217.000	59,4	123,1
95%	Ekkert	217.000	62,6	128,0

* Gert er ráð fyrir að allir foreldrar nýti orlofsréttinn að fullu. Gert er ráð fyrir að rétturinn fjölfaldist við fjölbura fæðingar.
 ** Ríki, sveitarfélög og bankar greiða öll launatengd gjöld af launum í fæðingarorlofi. Starfsmaðurinn ávinnur sér því orlofsrétt í fæðingarorlofi. Einnig er greitt af launum hans tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Ef gert er ráð fyrir að orlofshlutfallið sé 11% að meðaltali, þá eru þessar viðbótargreiðslur að meðaltali 29,3% ofan á laun opinberra starfsmanna í fæðingarorlofi. Þess vegna er hér tekið dæmi þar sem orlofshlutfallið er 129,3% af tekjum síðasta árs.

*** Forsendur um lágmarksgræiðslur taka mið af orlofskerfi Tryggingastofnunar árið 1997. Fæðingarstyrkur var að meðaltali 28.984 kr., fæðingarstyrkur og hálfir dagpeningar 47.449 kr. og fæðingarstyrkur og fullir dagpeningar 65.915 kr.

**** 217.000 kr. tekjuárið 1996 samsvarar 250.000 kr. tekjuárið 1998.

Tafla 12: Kostnaður við einn mánuð í tekjutengdu fæðingar- eða foreldraorlofiOrlofsréttur fullnýttur*

Hlutfall af tekjum ársins á undan	Lágmark greiðslna í orlofi, óháð tekjum	Hámark greiðslna í orlofi	Mánaðarlegar greiðslur til mæðra m.v. 1997	Mánaðarlegar greiðslur til feðra m.v. 1997
--- m.kr. ---				
129,3%	Ekkert	Ekkert	368,1	830,8
100%	Ekkert	Ekkert	286,0	639,4
100%	Ekkert	217.000	282,5	570,2
100%	28.984	217.000	303,2	572,3
100%	47.449	217.000	326,8	576,2
100%	65.915	217.000	362,1	583,5
80%	Ekkert	217.000	227,9	482,9
85%	Ekkert	217.000	241,7	506,5
90%	Ekkert	217.000	255,4	529,3
95%	Ekkert	217.000	269,2	550,4

*Sama og Tafla 11, nema hvað hér er sýndur kostnaður við einn mánuð í stað viku.

Réttindi foreldra í nýju kerfi myndast vegna tekna á árinu á undan. Í eftirfarandi töflu má sjá uppruna réttindanna skipt eftir launagreiðanda. Í töflunni er gert ráð fyrir 217.000 króna hámarki á greiðslur, en ekki gert ráð fyrir lágmarki.

Tafla 13: Uppruni réttinda foreldra í orlofi

	Mæður	Feður
Greiðslur vegna almenns markaðar	58,1%	83,5%
Greiðslur vegna banka	4,7%	1,6%
Greiðslur vegna ríkis og ríkisstofnana	20,1%	9,5%
Greiðslur vegna sveitarfélaga	17,1%	5,5%
Samtals	100,0%	100,0%
Fjöldi	4.073	3.480

4.2. Heildarkostnaður við tekjutengt fæðingarorlof, m.v. núverandi skiptingu orlofsins á milli foreldra

Nú er fæðingarorlof greitt að hámarki í 28 vikur vegna fæðingar barns. 26 vikur eru bundnar við móður og tvær vikur við föður. Faðir getur með samþykki móður fengið greidda fæðingardagpeninga. Eins og áður hefur komið fram er orlofið í reynd um 4% lengra vegna veikinda móður og/eða barns, eða 29 vikur.

Ef fæðingarorlofgreiðslur hefðu verið tekjutengdar árið 1997 og miðað væri við 100% af tekjum foreldranna árið á undan kostaði slíkt kerfi rúmlega 2.000 m.kr. Þá er ekki gert ráð fyrir lágmarksgreiðslum í orlofi, en hámarksgreiðslur eru miðaðar við 217.000 kr. á verðlagi 1997 sem jafngilda um 250.000 kr. á verðlagi ársins 1999. Ef gert er ráð fyrir að núverandi útgjöld Tryggingastofnunar til málaflokksins (1,3 milljarðar kr.) komi á móti kostnaði við nýtt

kerfi, er kostnaðaraukinn 0,7 milljarðar kr.¹⁷ Til að fjármagna breytinguna þyrfti tryggingagjald að hækka um 0,27%. Ef hlutfall tekjutengingar er lækkað minnkar kostnaðurinn. Ef tekjutengingin væri t.d. 90% af launum síðasta árs, þyrfti tryggingagjald að hækka um 0,20% af grunni og ef tekjutengingin væri 80% þyrfti að hækka tryggingagjald um 0,12% af grunni. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir að launatengd gjöld séu greidd af fæðingarorlofsgreiðslunum.¹⁸

Tafla 14: Kostnaður við tekjutengdar greiðslur vegna fæðingarorlofs m.v. að greiðslurnar séu mishátt hlutfall af meðalmánaðartekjum síðasta árs.

Heildar-orlof	Orlof móður	Orlof föður	Hlutfall af tekjum	Hámarks-greiðslur í orlofi	Lágmarks-greiðslur í orlofi	Heildarkostnaður			Nauðsynleg hækkun trygginga-gjalds**
						Vegna móður	Vegna föður	Samtals	
-- vikur í orlofi --				-- kr. á mánuði --		-- m.kr. á ári --			%-stig
29,0	27,0	2,0	129,3%	217.000	0	2.246,6	262,5	2.509,1	0,47
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	0	1.777,5	226,6	2.004,1	0,27
29,0	27,0	2,0	95%	217.000	0	1.692,4	218,7	1.911,1	0,23
29,0	27,0	2,0	90%	217.000	0	1.606,5	210,3	1.816,8	0,20
29,0	27,0	2,0	85%	217.000	0	1.519,9	201,4	1.721,3	0,16
29,0	27,0	2,0	80%	217.000	0	1.432,6	192,0	1.624,5	0,12
29,0	27,0	2,0	129%	217.000	47.449	2.483,9	267,4	2.751,3	0,56
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	47.449	2.056,0	232,2	2.288,2	0,38
29,0	27,0	2,0	95%	217.000	47.449	1.981,1	224,5	2.205,6	0,35
29,0	27,0	2,0	90%	217.000	47.449	1.906,7	216,2	2.122,9	0,32
29,0	27,0	2,0	85%	217.000	47.449	1.833,0	207,5	2.040,6	0,28
29,0	27,0	2,0	80%	217.000	47.449	1.761,1	198,4	1.959,5	0,25

* Ríki, sveitarfélög og bankar greiða öll launatengd gjöld af launum í fæðingarorlofi. Starfsmaðurinn ávinnur sér því orlofsrétt í fæðingarorlofi. Einnig er greitt af launum hans tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Ef gert er ráð fyrir að orlofshlutfallið sé 11% að meðaltali, þá eru þessar viðbótargreiðslur að meðaltali 29,3% ofan á laun opinberra starfsmanna í fæðingarorlofi. Þess vegna er hér tekið dæmi þar sem tekjutengingin er 129,3% af tekjum síðasta árs. 129,3% duga til að greiða full laun og þar að auki launatengd gjöld.

** Mat á nauðsynlegri hækkun á hlutfalli tryggingagjalds til að fjármagna breytingarnar.

Ef settar eru reglur um lágmarksgreiðslur til foreldra í orlofi breytist kostnaðurinn. Þetta má sjá í töflu 15.

¹⁷ Eins og áður hefur komið fram hafa ríki, sveitarfélög, ýmis fyrirtæki og sjúkrasjóðir einnig töluverðan kostnað af fæðingarorlofi. Ekki er reiknað með þeim kostnaði í útreikningum á kostnaðaraukanum.

¹⁸ Ef gert er ráð fyrir að launatengd gjöld séu greidd og þau séu 29,3% eins og hjá ríkinu, þá má lesa töflurnar þannig að 100% tekjutenging sé í raun 77% (23% fara í að greiða launatengd gjöld), 95% séu 73%, 90% séu 70%, 85% séu 66% og 80% séu 62%.

Tafla 15: Kostnaður við tekjutengdar greiðslurvegna fæðingarorlofs m.v. að greiðslurnar séu 100% af mánaðartekjum síðasta árs.

Heildar-orlof	Orlof móður	Orlof föður	Hlutfall af tekjum	Hámarks-greiðslur í orlofi	Lágmarks-greiðslur í orlofi	Heildarkostnaður			Nauðsynleg hækkun tryggingagjalds**
						Vegna móður	Vegna föður	Samtals	
-- vikur í orlofi --				-- kr. á mánuði --		-- m.kr. á ári --			%-stig
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	0	1.777,5	226,6	2.004,1	0,27
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	28.984	1.905,8	229,4	2.135,2	0,32
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	47.449	2.056,0	232,2	2.288,2	0,38
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	65.915	2.276,9	236,5	2.513,4	0,47

** Mat á nauðsynlegri hákkun á hlutfalli tryggingagjalds til að fjármagna breytingarnar.

4.3. Aukinn sveigjanleiki í fæðingarorlofi

Í tillögum ASÍ er lögð sérstök áhersla á að gera töku fæðingarorlofs sveigjanlega. Sveigjanleikinn er tvenns konar. Annars vegar að foreldrar geti dreift réttinum yfir lengri tíma en hálft ár. Hins vegar að færa megi réttinn milli foreldra.

4.3.1. Fæðingarorlofi dreift yfir lengri tíma

Ríkisstarfsmenn geta lengt fæðingarorlof í eitt ár, sem fyrr segir, en greiðslur frá Tryggingastofnun eru bundnar við sex mánuði. Í hugmyndum Alþýðusambandsins er gert ráð fyrir að foreldrar geti framlengt orlofið í samráði við atvinnurekendur, verið í hlutastarfi eða skipt orlofinu upp í tímabil yfir að minnsta kosti eitt ár. Ekki er víst að það henti á öllum vinnustöðum og má gera ráð fyrir að sums staðar geti þetta skapað umtalsverðan kostnað og óþægindi.

4.3.2. Foreldrar geti skipt fæðingarorlofinu á milli sín

Við kostnaðarmatið hér á eftir er reiknað með að 85% feðra nýti rétt sinn til orlofs. Þetta hlutfall er valið vegna þess að samkvæmt gagnagrunninum eru 85% feðra í sambúð með barnsmóður sinni.

Í meðfylgjandi töflum eru sýndar þrjár útgáfur af skiptingu orlofsins. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að móðirin nýti allan sameiginlegan rétt foreldra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að feður nýti að meðaltali tvær vikur af sameiginlegum rétti og móðir (26/27?) vikur. Í þeim tilfellum sem foreldrar eru ekki í sambúð er þó miðað við að móðir nýti allan réttinn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að faðir nýti allan sameiginlegan rétt foreldranna. Eins og áður er þó gert ráð fyrir að móðirin nýti allan réttinn þegar foreldrar búa ekki saman.

**Tafla 16: Kostnaður við 29 vikna fæðingarorlof m.v. mismunandi skiptingu orlofsins á milli móður og föður.*
Engar lágmarksgreiðslur.**

Heildar- orlof	Orlof móður	Orlof föður	Hlutfall af tekjum	Hámarks- greiðslur í orlofi	Lágmarks- greiðslur í orlofi	Heildarkostnaður			Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds**
						Vegna móður	Vegna föður	Samtals	
-- vikur í orlofi --				-- kr. á mánuði --		-- m.kr. á ári --			%-stig
29,0	27,0	2,0	100%	217.000	0	1.777,5	226,6	2.004,1	0,27
29,0	24,9	4,1	100%	217.000	0	1.658,2	462,3	2.120,5	0,30
29,0	8,3	20,7	100%	217.000	0	704,1	2.347,9	3.052,0	0,55

* Gert er ráð fyrir að 85% karlanna nýti rétt sinn, en að allar mæður nýti sinn. Reiknað er með 29 vikum að meðaltali, því að veikindi móður og barns lengja orlofsréttinn.

** Mat á nauðsynlegri hækkun á hlutfalli tryggingagjalds til að fjármagna breytingarnar.

Í töflu 17 kemur fram að miklu máli skiptir hvernig foreldrarnir skipta með sér orlofinu. Því stærri hluta sem feður taka, þeim mun dýrara verður kerfið.

**Tafla 17: Kostnaður við 29 vikna fæðingarorlof m.v. mismunandi skiptingu orlofsins á milli móður og föður.*
Allir foreldrar eiga a.m.k. rétt á fæðingarstyrk og hálfum dagpeningum (47.449 kr. á mánuði).**

Heildar- orlof	Orlof móður	Orlof föður	Hlutfall af tekjum	Hámarks- greiðslur í orlofi	Lágmarks- greiðslur í orlofi	Heildarkostnaður			Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds
						Vegna móður	vegna föður	Samtals	
-- vikur í orlofi --				-- kr. á mánuði --		-- m.kr. á ári --			%-stig
29,0	27,04	2,0	100%	217.000	47.449	2.056,0	232,2	2.288,2	0,38
29,0	24,96	4,1	100%	217.000	47.449	1.915,3	473,7	2.389,0	0,41
29,0	8,3	20,7	100%	217.000	47.449	789,8	2.405,7	3.195,6	0,61

* Gert er ráð fyrir að 85% karlanna nýti rétt sinn, en að allar mæður nýti sinn. Reiknað er með 29 vikum að meðaltali, því að veikindi móður og barns lengja orlofsréttinn.

* Mat á nauðsynlegri hækkun á hlutfalli tryggingagjalds til að fjármagna breytingarnar.

**Tafla 18: Kostnaður við 29 vikna fæðingarorlof m.v. mismunandi skiptingu orlofs á milli móður og föður.*
Allir foreldrar eiga rétt á fæðingarstyrk (28.984 kr. á mánuði).**

Heildar- orlof	Orlof móður	Orlof föður	Hlutfall af tekjum	Hámarks- greiðslur í orlofi	Lágmarks- greiðslur í orlofi	Heildarkostnaður			Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds*
						Vegna móður	Vegna föður	Samtals	
-- vikur í orlofi --				-- kr. á mánuði --		-- m.kr. á ári --			%-stig
29,0	27,04	2,0	100%	217.000	28.984	1.905,8	229,4	2.135,2	0,32
29,0	24,96,0	4,1	100%	217.000	28.984	1.776,7	467,9	2.244,6	0,35
29,0	8,3	20,7	100%	217.000	28.984	743,6	2.376,3	3.119,9	0,58

* Gert er ráð fyrir að 85% karlanna nýti rétt sinn, en að allar mæður nýti sinn. Reiknað er með 29 vikum að meðaltali, því að veikindi móður og barns lengja orlofsréttinn.

* Mat á nauðsynlegri hækkun á hlutfalli tryggingagjalds til að fjármagna breytingarnar.

5. Heildarkostnaður við greiðslur í foreldraorlofi

Í töflunum sem hér fara á eftir má sjá mat á kostnaði vegna tekjutengdra greiðslna í foreldraorlofi. Gert er ráð fyrir að foreldraorlof verði 13 vikur fyrir hvort foreldri og að rétturinn sé ekki framseljanlegur á milli foreldra.

Útreikningarnir eru gerðir með tvennum hætti. Annars vegar er miðað við að 13 vikur verði hámarksréttur, hins vegar er miðað við að réttur til greiðslna lengist ef foreldri veikist í orlofi. Viðbótarkostnaður vegna veikinda er metinn sem 3%¹⁹, þannig að 13 vikur verða í framkvæmd 13,39 vikur. Eins og áður er miðað við að hámarksgreiðslur í foreldraorlofi séu um 250.000 kr. á verðlagi ársins 1999, en það eru 217.000 kr. á verðlagi ársins 1997. Ekki er gert ráð fyrir lágmarksgreiðslum í orlofi, enda er orlofið miðað við foreldra á vinnumarkaði.

**Tafla 19: Kostnaður við 13 vikna foreldraorlof fyrir hvort foreldri.
Orlof lengist ekki þótt foreldrar veikist í orlofi.**

Orlofs- greiðslur sem hlutfall af tekjum ársins 1996*	100% mæðra og 100% feðra <u>nýta orlofsréttinn</u>		100% mæðra og 85% feðra <u>nýta orlofsréttinn**</u>		100% mæðra og 50% feðra <u>nýta orlofsréttinn</u>	
	Heildar- kostnaður (m.kr.)	Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds (%-stig)	Heildar- kostnaður (m.kr.)	Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds (%-stig)	Heildar- kostnaður (m.kr.)	Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds (%-stig)
129,3%	3.165,3	1,23	2.786,5	1,09	2.122,7	0,83
100%	2.654,7	1,04	2.327,7	0,91	1.754,6	0,68
95%	2.551,0	1,00	2.235,3	0,87	1.682,3	0,66
90%	2.442,7	0,95	2.139,2	0,83	1.607,5	0,63
85%	2.330,2	0,91	2.039,6	0,80	1.530,5	0,60
80%	2.213,6	0,86	1.936,5	0,76	1.451,1	0,57

* Ríki, sveitarfélög og bankar greiða öll launatengd gjöld af launum í fæðingarorlofi. Starfsmaðurinn ávinnur sér því orlofsrétt í fæðingarorlofi. Einnig er greitt af launum hans tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Ef gert er ráð fyrir að orlofshlutfallið sé 11% að meðaltali, þá eru þessar viðbótargreiðslur að meðaltali 29,3% ofan á laun opinberra starfsmanna í fæðingarorlofi. Þess vegna er hér tekið dæmi þar sem orlofshlutfallið er 129,3% af tekjum síðasta árs.

** 85% foreldra eru í sambúð.

**Tafla 20: Kostnaður við 13 vikna foreldraorlof fyrir hvort foreldri.
Orlof lengist ef foreldrar veikjast í orlofi**

Orlofs- greiðslur sem hlutfall af tekjum ársins 1996*	100% mæðra og 100% feðra <u>nýta orlofsréttinn</u>		100% mæðra og 85% feðra <u>nýta orlofsréttinn**</u>		100% mæðra og 50% feðra <u>nýta orlofsréttinn</u>	
	Heildar- kostnaður (m.kr.)	Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds (%-stig)	Heildar- kostnaður (m.kr.)	Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds (%-stig)	Heildar- kostnaður (m.kr.)	Nauðsynleg hækkun trygginga- gjalds (%-stig)
129,3%	3.260,3	1,27	2.870,1	1,12	2.186,4	0,85
100%	2.734,4	1,07	2.397,5	0,94	1.807,3	0,71
95%	2.627,5	1,03	2.302,4	0,90	1.732,8	0,68
90%	2.516,0	0,98	2.203,4	0,86	1.655,8	0,65
85%	2.400,1	0,94	2.100,8	0,82	1.576,4	0,61
80%	2.280,0	0,89	1.994,6	0,78	1.494,7	0,58

* Ríki, sveitarfélög og bankar greiða öll launatengd gjöld af launum í fæðingarorlofi. Starfsmaðurinn ávinnur sér því orlofsrétt í fæðingarorlofi. Einnig er greitt af launum hans tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Ef gert er ráð fyrir að orlofshlutfallið sé 11% að meðaltali, þá eru þessar viðbótargreiðslur að meðaltali 29,3% ofan á laun opinberra starfsmanna í fæðingarorlofi. Þess vegna er hér tekið dæmi þar sem orlofshlutfallið er 129,3% af tekjum síðasta árs.

** 85% foreldra eru í sambúð.

¹⁹ Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, nr. 113.